

138.fundur skólanefndar Stykkishólmsbæjar. Haldinn miðvikudaginn 11.mars kl. 17:15 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar

Mættir:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Jón Einar Jónsson fulltrúi, Magda Kulinska fulltrúi,
Kristbjörg Hermannsdóttir fulltrúi, Ásmundur S. Guðmundsson fulltrúi

Áheyrnafulltrúar:

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans,
Benný Eva Benediktsdóttir fyrir Helgafellssveit, Ingunn Sif Höskuldsdóttir fyrir foreldra
leikskólabarna, Ægir Breiðfjörð Jóhannsson fyrir foreldra grunnskólabarna, Joanna Szerszen
fyrir starfsfólk leikskóla

Kristbjörg Hermannsdóttir ritar fundargerð.

Fundur settur kl. 17:15

Dagskrá:

1. Málefni grunnskólans.

1) Marspunktur stjórnenda

GS sagði frá skólahreysti.

Upplestrakeppni frestað vegna veðurs og veikinda. Verður haldið eftir páska.

Skíðaferð 7.bekkjara verður eftir helgi.

Árshátíð GSS verður haldin 23. og 24. mars. n.k.

2) Undirbúningur næsta skólaárs, s.s.

a. Starfsmannasamtöl

Viðtöl eru nú þegar langt komin.

Viðtöl við kennara framundan og taka þau mið af vinnumati sem var samþykkt
nýverið.

b. Skóladagatal 2015 – 2016

Drög að skóladagatali lagt fyrir.

3) Samræmd próf í 4., 7. og 10.

a. Niðurstöður

BA sýndi glærur og bar GSS saman við landið allt, Reykjavík og
Norðvesturkjördæmi.

b. Áætlun í ísl. og stæ.

Tvö teymi tekin til starfa annarsvegar í íslensku og hins vegar í stærðfræði.

Í íslensku teyminu eru Berglind Axelsdóttir, Helga Sveinsdóttir og Ásdís Árnadóttir

Í Stærðfræði teyminu eru Gunnlaugur Smáráson, Alda Leif og Arna Sædal

4) Önnur mál

Samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla og foreldrafélaga beggja skóla.

17. mars verður tveggja tíma námskeið frá Barnahúsi um ofbeldi. Námskeiðið er ætlað fagfólki og foreldrum.

HH spyr um Pisa-könnun sem lögð var fyrir 10. bekk s.l. föstudag.

SÞ gerir athugasemdir við fjölda prófa sem lögð eru almennt fyrir grunnskólabörn. Umræða.

2. Málefni leikskólans

1) Uppsagnir og umsóknir

Enn er einungis búið að segja upp fyrir eitt barn sem hættir núna á vormánuðum. Ein umsókn um leikskólavist er komin eftir auglýsingu í Stykkishólmspóstinum. Í gær fór út póstur til foreldra þar sem boðið er upp á lengra sumarfrí eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Tveir kennarar voru búnir að segja upp störfum eins og komið hefur fram. Karína Nielsen ætlaði að hætta 1. maí en hyggst draga það fram að sumarfrí. Sigurdís Gísladóttir var búin að segja upp frá sumarfríi en hefur dregið uppsögnina til baka, sem gladdi okkur mikið. Að auki eru tveir kennarar að biðja um minni vinnu í sumar.

2) Forföll

Það hefur verið nokkuð mikið um veikindi bæði á börnum og kennurum og einnig eru 3 kennarar í verknámi og þar með lítið sem ekkert í vinnu hér.

3) Næsti vetur

SÞ segir frá fyrirhugaðri vinnu með tvítýngd börn í leikskólanum. Umræða.

Miðað við fjölda tvítýngdra barna hér næsta vetur verðum við að kortleggja vinnuna með þau. Ég tel að nauðsyn verði að auka við stuðning þeirra í fleiri þáttum skólastarfsins en við gerum núna. Sennilegt er að þetta verði til þess að við förum fram á einhverja aukningu í starfsmannafjölda næsta vetur þó við reynum að samnýta kennara eins og hægt er. Ef við förum ekki að taka á þessum af fullri alvöru erum við bara að ýta á undan okkur vandanum og leggja hann á grunnskólann. Gera má ráð

fyrir u.þ.b. tveimur stöðum sem sinntu málörvun og sérkennslu innan deilda fyrir utan þau börn sem erum með greiningu frá viðurkenndum greiningaraðilum. Eins og alltaf, reynum við að samnýta þessar stöður sem best.

4) Sérfræðingar

Sérfræðingar eru að klára veturinn og eiga eftir að koma hér í tvö skipti.

Talmeinafræðingur er alltaf fullbókaður en sálfræðingur heldur minna. Við höfum þó einnig nýtt hana til ráðgjafar inn á deildum.

5) Sólmyrkvinn 20. mars. <http://www.stjornufraedi.is/solmyrkvi/>

Við erum að velta fyrir okkur hvernig við tökum þátt í þessum viðburði en hver sólmyrkvagleraugu kosta 500 kr. stykkið og við þyrftum um 70 fyrir alla hér í leikskólanum. Við fáum reyndar gefins 5 gleraugu frá stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness. Í skoðun er að athuga með að fá afslátt á þessum gleraugum svo við getum keypt fyrir hvert barn.

6) Skólanámsskrárvinna

Á starfsdegi 25 febrúar sl. var unnið að skólanámsskrá og erum við langt komnar með þá vinnu en hún tekur mjög langan tíma vegna fárra undirbúningstíma og takmarkaðs tíma sem hægt er að nota í þessa vinnu. Það kemur samt til með að lagast eitthvað því við fengum 4 starfsdaginn samþykktan í vetur.

7) Á fundi með stjórn Félags- og skólaþjónustunnar var ákveðið að hafa sameiginlegan starfsdag með leik – og grunnskólum Snæfellsness 2. nóvember 2015.

8) Unnið er að skóladagatali og starfsáætlun fyrir næsta skólaár og verður fundað með foreldraráði í vikunni.

9) Öskudagur fór vel fram og almenn ánægja hjá börnum og kennurum með aðdragandann, búningagerð ofl.

3. Kynningar – formaður

1) Formaður kynnti vefslóðir þar sem nefndarfulltrúar geta kynnt sér efni sem tengist skóla- og menntamálum.

Fundi slitið kl. 18:50

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, (sign)

Jón Einar Jónsson fulltrúi, (sign)

Magda Kulinska fulltrúi, (sign)

Kristbjörg Hermannsdóttir fulltrúi, (sign)

Ásmundur S. Guðmundsson fulltrúi (sign)

Áheyrnafulltrúar:

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, (sign)

Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, (sign)

Benný Eva Benediktsdóttir fyrir Helgafellssveit, (sign)

Ingunn Sif Höskuldsdóttir fyrir foreldra leikskólabarna, (sign)

Ægir Breiðfjörð Jóhannsson fyrir foreldra grunnskólabarna, (sign)

Joanna Szerszen fyrir starfsfólk leikskóla (sign)